

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra nr. 294/2010.

#### 1. gr.

1. másl. 45. gr. samþykktarinnar hljóðar svo: Byggðarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í mánuði, síðasta fimmtudag hvers mánaðar kl. 8.00.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. samþykktarinnar:

a) B-liður hljóðar svo:

1. *Yfirkjörstjórn*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórnir, jafnmargar og kjördeildir eru.
2. *Jafnréttisnefnd*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
3. *Fræðslunefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og sbr. erindisbréf.
4. *Orku- og veitunefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
5. *Umhverfisnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
6. *Landbúnaðarnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
7. *Heilsu-, íþrótt- og æskulýðsnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
8. *Velferðarnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
9. *Atvinnu- og ferðamálanefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
10. *Menningarmálanefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
11. *Samgöngunefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
12. *Fagráð Sögusetursins*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
13. *Skóðunarmenn*: Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
14. *Skurðanefnd A-Landeyja*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
15. *Skurðanefnd V-Landeyja*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
16. *Héraðsnefnd Rangæinga*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
17. *Fjallskilanefnd Fljótshlíðar*: Þrír aðalmenn og einn varamaður, sbr. erindisbréf.
18. *Fjallskilanefnd V-Eyjafjalla*: Þrír aðalmenn og tveir til vara, sbr. erindisbréf.

b) 7. tölul. C-liðar fellur brott og 8. tölul. verður 7. tölul.

#### 3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 16. nóvember 2010.*

F. h. r.

**Stefanía Traustadóttir.**

*Hjördís Stefánsdóttir.*